

1867.  
31. maí.

málastjórnarinnar 31. októbermán. 1864 um fast verðlag fyrir lyfsölumennina á eiturtegundum þeim, sem nefndar eru í tilskipun 1. aprílmán. 1796, smbr. opið bréf 19. aprílmán. 1843, og mestmegnis eru hafðar til iðnaðar og búsýslu, og á öllum almennum læknislyffjum, tilbúnum og ótilbúnum, sem eru seld í hópakaupum og án fyrirsagnar frá lækni, eða eru notuð til iðnaðar og búsýslu, þó ekki kveði mikið að því, — verði einnig látnar gilda á Íslandi, og að enn fremur verði lækkað verðið á hjartarhornsolíu. En þar sem alþingi hefir farið fram á, að einnig verði hlutast um, að verðið á brenndu kalki og pottösku verði fært niður, þá verður lyfsölumönnunum ekki skipað sérstaklega fyrir um það, með því að tæðar vörutegundir verða að álíttast frjáls kaupeyrir.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vör sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum Voru trúu alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 31. dag maímánaðar 1867.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

31. maí.

## 22. Auglýsing Dómsmálastjórnarinnar, um ýmsar ráðstafanir viðvíkjandi læknaskipuninni á Íslandi.

Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis 1865 um endurbót á ýmsum greinum, er snerta læknaskipunina á Íslandi, hefir Hans hátign konunginum þóknast, samkvæmt uppástungu dómsmálastjórnarinnar 10. j. m., allramildilegast að úrskurða:

- 1) að úr læknasjóðnum íslenska megi veita allt að 5 læknaefnum, er vilja setjast að og fást við lækningar í þeim hærðum á Íslandi, þar sem dómsmálastjórninni virðist vera mest þörf á lækni aðstoð, 400 rd. styrk á ári hverjum þeirra, og þar á ofan heita þeim, að þeir megi eiga von á, að styrkur þessi verði hækkaður um 100 rd. fyrir hver

3 ár, sem þeir fást við lækningar, þangað til hann er orðinn 800 rd. á ári; og megi þá gjöra læknum þeim, sem þessi styrkur er veittur, að skyldu að takast á hendur um tiltekið svið störf þau, sem hvíla á héraðslæknunum, ef þeir eru því samþykkir, og fái þeir þá sömu borgun fyrir þau störf, og héraðslæknunum eru veitt;

1867.  
31. maí.

- 2) að undir eins og að minnsta kosti einn útlærður læknir hefir sett að á þenna hátt í hverju af hinum þrem ömtum landsins, til þess að fást við lækningar, þá fái lækna sjóðurinn borgað úr jafnaðarsjóðum amtanna 200 rd. tillag það úr hverjum jafnaðarsjóði, sem ákveðið er í konungsúrskurði 12. ágústmánaðar 1848; og
- 3) að úr lækna sjóðnum skuli veitt 200 rd. tillag á ári í tvö ár til þess að kaupa fyrir bækur og áhöld, er landlæknirinn á Íslandi geti haft við læknakennsluna, með því skilyrði að hann ábyrgist að skila þeim í góðu ástandi, þegar þar að kemur; en að öðru leyti eigi lærisveinarnir sjálfir að sjá sér fyrir bókum þeim, sem þeir þurfa með.

Þetta birtist hér með öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

### 23. Auglýsing Dómsmálastjórnarinnar, um stjórn og afnot eptirleis á nokkrum af jörðum þeim á Íslandi, sem lagðar eru til guðspakka, og nefndar eru „kristfjárjarðir“.

3. júní.

Útaf bænarskrá alþingis 1859<sup>1</sup> um betri stjórn og afnot jarða þeirra á Íslandi, sem lagðar eru til guðspakka og nefndar eru kristfjárjarðir, hefir Hans hátign konunginum þóknast, samkvæmt uppástungu dómsmálastjórnarinnar 31. f. m., allramildilegast að úrskurða:

að þessar kristfjárjarðir:

1. Ketilsstaðir í Jökulsárhlíð með hjáleigunum Eyjaseli og Bakkagerði;

<sup>1</sup>) Smbr. Tiðindi frá alþingi 1859, 924.—926. bls.